



ÁRSSKÝRSLA 2009





EFNISYFIRLIT

HS Veitur hf	3
Stjórn og skipulag	4
Fjármál	6
Starfsmannafélag	7
Fréttaveitan	9
Skrifstofa	9
Notkun hitaveituvatns	12
Rafmagnsdeild	13
Vatnsdeild	19
Innkaupa- og birgðadeild	25
Viðhaldsdeild	26
Upplýsingasvið	29
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	33
Áritun óháðs endurskoðanda	34
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	35
Efnahagsreikningur	36
Eiginfjárfirlit	37
Sjóðstreymisyfirlit	38
Skýringar	39

HS Veitur hf

Á árinu 2009 urðu umtalsverðar breytingar á eignarhaldi HS Veitna hf þegar Reykjanesbær keypti 32% hlut Geysis Green Energy í félaginu og er Reykjanesbær þá eigandi 66,75% hlutfjár í félaginu.

Árið 2009 var fyrsta rekstrarár HS Veitna hf í kjölfar þess að Hitaveita Suðurnesja hf var sem slík lögð niður en við hlutverki hennar tóku tvö sjálfstæð fyrirtæki, HS Orka hf og HS Veitur hf. HS Veitur hf eru með sjálfstæða stjórn en starfsmenn HS Orku hf annast alla þjónustu félagsins í samræmi við verktakasamning milli félaganna. HS Veitur hf sjá um alla veitustarfsemi sem Hitaveita Suðurnesja annaðist þ.e. dreifingu raforku auk dreifingar og sölu á heitu og köldu vatni. Hinn hefðbundni hita- og vatnsveiturekstur á Suðurnesjum er því nú komin í tvö fyrirtæki og því var nauðsynlegt að gera ítarlegan langtímasamning milli félaganna til að tryggja öryggi þjónustu við íbúa og fyrirtæki á svæðinu til framtíðar.

Starfsemi HS Veitna hf var með mjög hefðbundnu sniði á árinu. Vegna ástands í efnahagsmálum var hinsvegar samdráttur í orkunotkun á veitusvæðinu í fyrsta skipti um árabíl og dróst almenn raforkunotkun saman um 2,2% og sala á heitu vatni á Suðurnesjum um hemla dróst saman um 4,1%. Fjárfestingar á árinu 2009 voru mun minni en árið áður og námu alls 432 m.kr. en 2.174 m.kr. á árinu 2008. Þegar tekið er tillit til sérstakra framkvæmda við vatnsleiðslu til Vestmannaeyja þá voru aðrar framkvæmdir 2009 alls 408 m.kr. en 1.165 m.kr. árið áður eða nær þrefalt meiri.

Þrátt fyrir neikvæða rekstrarniðurstöðu er lausafjárstaða félagsins mjög góð, m.a. vegna þess að rúmlega 97% lána félagsins eru ekki á gjalddaga fyrr en 2018. Stjórn félagsins hefur ákveðið að nýta góða lausafjárstöðu til að kaupa til baka eigin skuldabréf, sem eru á gjalddaga 2018, fyrir að nafnvirði 500 m.kr. og þá að kaupverði um 550 m.kr. Með þessu eru skuldir félagsins lækkaðar um u.þ.b. 8,1% og um leið bætir þetta afkomuna á árinu 2010, og árin þar á eftir, vegna lægri vaxta og verðbóta um 60 – 70 m.kr. sem þó ræðst af hluta af verðbólguþingi.

Vatnsmagn frá orkuveri 2009 var 11.500.122 tonn sem er um 3,5% aukning frá árinu áður og um 50% aukning frá 1998. Framleiðsla varmaorku var 656,3 GWst og mesta orkuframleiðsla einstaks mánaðar var í desember eða 65,2 GWst. Mesta framleiðsla í tonnum var í desember eða 1.120.194 tonn. Hámarks framleiðsla í orkuveri var 26. desember eða um 440 l/s en hámarksálag einstakan dag var 11. febrúar eða 101,44 MW í varma.



Stjórn og skipulag

Aðalfundur HS Veitna hf fyrir árið 2008 var haldinn 31. mars 2009 í Eldborg í Svartsengi. Engar breytingar voru gerðar á stjórninni og að loknum aðalfundinum var haldinn stjórnarfundur þar sem stjórnin skipti með sér verkum og var hún þá þannig skipuð:

Formaður:	Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Pór Gíslason, Geysi Green Energy
Ritari:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
Meðstjórnendur:	Davíð Stefánsson, Geysir Green Energy Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbæ Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Davíð Örn Jónsson, Orkuveitu Reykjavíkur Ellý Erlingsdóttir, Hafnarfjarðarbæ Guðmundur Hagalín Guðmundsson, Geysir Green Energy Guðný Kristjánsdóttir, Reykjanesbæ Steinar Pór Guðlaugsson, Geysir Green Energy Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ
---------------------------	---

Þann 29. desember var haldinn hluthafafundur og breytingar gerðar á stjórninni í kjölfar kaupa Reykjanesbæjar á öllum hlutabréfum Geysis Green Energy í félaginu og var hún þá þannig skipuð.

Formaður:	Árni Sigfússon, Reykjanesbæ
Varaformaður:	Böðvar Jónsson, Reykjanesbæ
Ritari:	Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
Meðstjórnendur:	Eyjólfur Sæmundsson, Hafnarfjarðarbæ Glúmur Jón Björnsson, Orkuveitu Reykjavíkur Guðbrandur Einarsson, Reykjanesbæ Ólafur Thordersen, Reykjanesbæ

Varamenn í stjórn voru kjörnir þessir:

Varamenn í stjórn:	Davíð Örn Jónsson, Orkuveitu Reykjavíkur Ellý Erlingsdóttir, Hafnarfjarðarbæ Guðný Kristjánsdóttir, Reykjanesbæ Kristinn Þór Jakobsson, Reykjanesbæ Magnea Guðmundsdóttir, Reykjanesbæ Steinþór Jónsson, Reykjanesbæ Þorsteinn Erlingsson, Reykjanesbæ
---------------------------	--

Hlutfjáreign í HS Veitum hf skiptist þannig 31.12.2009:

	HS Veitur hf	Hlutfall
Reykjanesbær	892.043.759	66,748%
Orkuveita Reykjavíkur	221.609.343	16,582%
Hafnarfjarðarbær	206.047.937	15,418%
Grindavíkurbær	6.802.866	0,509%
Sandgerðisbær	4.316.403	0,323%
Garður	4.277.099	0,320%
Vogar	1.331.573	0,100%
Samtals	1.336.429.000	100,000%

Eftirtaldir menn veita fyrirtækinu forstöðu:

Forstjóri: Júlíus Jónsson
Aðstoðarforstjóri: Albert Albertsson



Árni Sigfússon



Böðvar Jónsson



Björk Guðjónsdóttir



Eyjólfur Sæmundsson



Glúmur Jón Björnsson



Guðbrandur Einarsson



Ólafur Thordersen



Júlíus Jónsson
forstjóri



Albert Albertsson
aðstoðarforstjóri

Fjármál

Niðurstaða rekstrarreiknings fyrir árið 2009 var neikvæð um 197 m.kr. og 255 m.kr. eftir skatta. Þessi neikvæða rekstrarafkoma skapast aðallega af sérstakri afskrift borholu í Vestmannaeyjum að upphæð 140 m.kr. og síðan hlutdeild í hækkun lífeyrisskuldbindingar að upphæð 83 m.kr. Þá vega verðbætur mjög þungt þegar verðbólgaustig er jafn hátt og það var á síðasta ári og voru verðbætur og vextir alls um 923 m.kr. eða 22,5% brúttó tekna. Þar sem afborganir eru mjög litlar allt til ársins 2018 þá var lausafjárstaðan hinsvegar mjög góð á árinu.

Rekstrartekjur ársins námu alls 3,975 milljónum króna sem er um 12% hækkun í krónutölu frá árinu áður en um 4% að raungildi. Af rekstrartekjunum voru 1.290 m.kr. af vatnssölu (32,5%), 1.361 m.kr. af raforkudreifingu (34,2%), raforkuflutningur 594 m.kr. (15%), ferskvatnssala 370 m.kr. (9,3%) og aðrar tekjur 360 m.kr. (9%). Rekstrargjöld voru 3.329 m.kr. og voru afskriftir þar af 1.289 m.kr. (27%), en fjármagnsliðir voru í heild neikvæðir um 843 m.kr. Eiginfjárlutfall var 50,9% en var 51,9% árið áður og veltufjárlutfall 4,83 en var 1,69 árið áður.

Greiddar voru 83 m.kr. í afborganir af langtímalánum á árinu en verðbætur lána námu alls 646 m.kr. Langtímaskuldir í árslok eru þá, með næsta árs afborgunum, 6.620 m.kr. og meðal vaxtabyrði langtímalána var 5,31% í árslok.

Íbúafjöldi á orkuveitusvæði HS Veitna hf 31.12.2009

	Hitaveita	Hitaveita	Rafmagn	Rafmagn	Vatnsveita*	Vatnsveita*
Reykjanesbær.....	14.081	55,27%	14.081	21,94%	14.081	55,27%
Grindavík.....	2.841	11,15%	2.841	4,43%	2.841	11,15%
Sandgerði.....	1.711	6,72%	1.711	2,67%	1.711	6,72%
Garður.....	1.520	5,97%	1.520	2,37%	1.520	5,97%
Vogar.....	1.195	4,69%	1.195	1,86%	1.195	4,69%
	21.348	83,79%	21.348	33,27%	21.348	83,79%
Hafnarfjörður.....	0	0,00%	25.872	40,32%	0	0,00%
Garðabær (hluti).....	0	0,00%	2.487	3,88%	0	0,00%
Álftanes.....	0	0,00%	2.524	3,93%	0	0,00%
	0	0,00%	30.883	48,13%	0	0,00%
Vestmannaeyjar.....	4.129	16,21%	4.129	6,43%	4.129	16,21%
Árborg.....	0	0,00%	7.810	12,17%	0	0,00%
Alls.....	25.477	100,00%	64.170	100,00%	25.477	100,00%

* Í Grindavík og Sandgerði sér HS Veitur eingöngu um vatnsöflunina.

Í áætlunum fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 640 m.kr. og að þær verði fjármagnaðar með eigin tekjum. Afskriftir eru áætlaðar verða um 500 m.kr., afborganir langtímaskulda samkvæmt lánsamningum u.þ.b. 100 m.kr., greiðslur til eigenda 95 m.kr. og heildartekjur eru áætlaðar verða um 4.320 milljónir. Ekki er gert ráð fyrir lántökum á árinu en stjórn félagsins hefur ákveðið að nýta góða lausafjárstöðu til að kaupa til baka eigin skuldabréf, sem eru á gjalddaga 2018, fyrir að nafnvirði 500 m.kr. og þá á kaupverði um 550 m.kr.

Starfsmannafélag

Á síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var 30. apríl 2009 voru eftirtaldir kjörnir í stjórn félagsins og skiptu með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Víðir S. Jónsson, formaður, Guðmundur Þórðarson, varaformaður, Sigrún Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Þórhildur Eva Jónsdóttir, ritari og Sigmar Örn Sigbórsson, meðstjórnandi. Varamenn sem jafnframt sitja alla stjórnarfundi eru Margrét Guðleifsdóttir og Þórgímur Hálfðánarson

Á aðalfundi var ákveðið að breyta nafni félagsins úr Starfsmannafélagi Hitaveitu Suðurnesja í Starfsmannafélag HS. Þetta var ákveðið í framhaldi af því að Hitaveita Suðurnesja hf er ekki lengur til, þar sem að fyrirtækinu var skipt upp í desember 2008 í HS Orku hf og HS Veitur hf. Árið 2009 var afmælisár hjá félaginu en það var stofnað árið 1979 og fagnaði því 30 ára afmæli. Stjórn félagsins setti saman atburðadagatal á fyrsta stjórnarfundi til að starfa eftir, þar sem fyrirhuguðum viðburðum á vegum félagsins var ráðað í tímaröð.

Sumarhús félagsins í Húsafelli var í stöðugri notkun s.l. sumar og einnig var ásókn fyrir utan hefðbundin orlofstíma góð. Farið var í viðhaldsferð að venju s.l. vor. Húsið fékk andlitslyftingu, allt málað að utan, smíðaður nýr tréþallur meðfram húsi, efni sett ofan í bílaplan og ýmislegt fleira lagað. Dyttað var að ýmsu innandyrna, nýtt sjónvarp sett upp ásamt nýrri sjónvarpshillu og skipulagi í stofu var breytt lítillega. Í júní tók svo við að standsetja nýtt orlofshús í Kjarnabyggð á Akureyri en húsið var afhent í byrjun júní mánaðar. Þá var hafist handa við að koma húsgögnum og húsbúnaði fyrir og ýmsu sem fylgir svona húsi, setja upp gardínur og fl. Húsið fór fyrst í útleigu þann 16. júní. Fyrir liggur að laga aðgengi að geymslu í kjallara og aðgengi að húsinu frá bílastæði og verður það gert með vorinu 2010. Húsið var svo í útleigu allt síðastliðið sumar og notkun fyrir utan orlofstíma nokkuð góð.

Árshátíð var haldin á Hótel Selfossi laugardaginn 7. mars. Þátttaka var mjög góð og var hátíðin með okkar sniði, góður matur borinn á borði, heimatilbúin skemmtiatriði og dansað fram eftir nóttu. Þemað var Mamma Mía og setur svona þema skemmtilegan svip á hátíðina.

Fjölskyldudagur var haldinn laugardaginn 13. júní í Svartsengi og var vel mætt. Boðið var upp á hoppukastala, hestar voru á svæðinu og börnin fengu að fara á bak, starfsmenn mættu á mótorfákum sínum og tóku rúnt um svæðið með börn og fullorðna en það vakti mikla lukku. Gufubandið, skipað nokkrum starfsmönnum Svartsengis, spilaði og söng og fengu söngelsk börn starfsmanna að taka þátt. Grillað var og stemmingin góð í frábæru veðri.



Félagið hélt upp á 30 ára afmæli sitt með grillveislu og tilheyrandi laugardaginn 29. ágúst í Eldborg Svartsengi. Grillmeistarar félagsins sáu um matseldina og boðið var upp á skemmtun sem innihélt Bryndísi Ásmunds, Þorsteinn Guðmundsson og Gufubandið okkar tók nokkur lög. Við þetta tækifæri var öllum fyrrverandi formönnum félagsins boðið og fengu þeir silfurmerki félagsins. Kvöldið endaði á fjöldasöng og gítarleik.

Farið var í leikhús að sjá Hellisbúann þann 14. nóvember. Þátttaka var þökkaleg og þeir félagsmenn sem mættu skemmtu sér vel.

Jólahlaðborð félagsins var haldið föstudaginn 11. desember í Officeraklúbbnum Vallarheiði. Frábær matur og skemmtun þar sem að m.a Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds skemmtu.

Starfsmenn

	2009				2008			
	Fj. starfsmanna		Stöðugildi		Fj. starfsmanna		Stöðugildi	
Framkvæmdastjórn.....	3		3,0		3		3,0	
Fjármála- og þjónustusvið.....	28		25,7		27		25,3	
Orku- og markaðssvið.....	2		2,0		2		2,0	
Próunar-, umhverfis-, og tæknisvið.....	5		5,0		5		5,0	
Gæða- og starfsmannamál.....	1	39,0	1,0	36,7	1	38,0	1,0	36,3
Forstöðumaður hitaveitu- og ferskvatnsdeildar.....	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn.....	1		1,0		1		1,0	
Viðhald og eftirlit.....	16	18,0	16,0	18,0	16	18,0	16,0	18,0
Forstöðumaður rafmagnsdeildar.....	1		1,0		1		1,0	
Svæðisstjórn, hönnun.....	3		3,0		3		3,0	
Tækniteiknun.....	3		3,0		3		3,0	
Viðhald og eftirlit.....	21		21,0		21		21,0	
Rafmagnsöryggismál.....	4		4,0		4		4,0	
Mælar.....	3	35,0	3,0	35,0	3	35,0	3,0	35,0
Upplýsingakerfi.....	3	3	3,0	3	3	3	3,0	3
Innkaup, birgðahald og viðhald mannvirkja.....	2		2,0		2		2,0	
Birgðavarsla.....	5		5,0		6		6,0	
Viðhald mannvirkja.....	3	10	3,0	10,0	3	11	3,0	11
Samtals		105,0		102,7		105,0		103,3
Suðurnes - Reykjanesbær.....	65		64,4		65		65,0	
Hafnarfjörður.....	21		20,5		20		20,0	
Vestmannaeyjar.....	15		13,8		15		13,8	
Selfoss.....	4	105,0	4,0	102,7	4	104,0	4,0	102,8
		105,0		102,7		104,0		102,8

Í desembermánuði var félagið með leik á heimasíðu félagsins, jóladagatal þar sem mynd af félagsmanni frá því hann var barn birtist frá 1. til 24. desember. Leikurinn gekk út að starfsmenn giskuðu á hver þetta væri. Alls sendu 17 félagar inn svör og sannarlega hefðu fleiri mátt senda inn. Getspakastur var Sigmar Örn Sigbórsson með 16 rétt svör af 24 og segir það kannski til um hversu erfið getraunin var!

Nokkrir aðrir viðburðir voru haldnir, meðal annars Púl kvöld, hópur frá fyrirtækinu var viðstaddur „Loga í beinni“ og fl. Félagið þakkar öllum sem lögðu hönd á plóginn varðandi starf félagsins. Félagið er ríkt, þá á skemmtilegustu félagsmenn í heimi sem taka virkan þátt í starfi félagsins. Jafnframt þakkar félagið stjórn og stjórnendum fyrir ómetanlegan skilning og stuðning við starf félagsins.


Fréttaveitan

Fréttaveitan kom ekkert út á árinu 2009 vegna anna og almenns sparnaðar í rekstri. Úr því verður bætt á árinu 2010 en þó með aðeins breyttu sniði þannig að það haldi áfram að koma út en nú aðeins í netformi, ekkert verður prentað.

Skrifstofa

Rekstur skrifstofu HS Veitna var með svipuðu sniði og fyrri ár (hjá Hitaveitu Suðurnesja). Þó nokkuð álag var á þjónustuborði á fyrri hluta árs vegna uppskiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf í HS Veitur og HS Orku. Á móti kom að verulega hefur dregið úr innsendum umsóknum vegna heimtauga rafmagns og hitaveitu- og vatnsheimæða. Skammtímatengingum rafmagns hefur einnig fækkað mjög en þessa þróun má sjá á stöplaritinu hér fyrir neðan.

Fjöldi heimlagna- og heimtaugabeiðna



Fjárfestingar 2009


Á árinu voru fjárfestingar mun minni en árið áður og námu fjárfestingar í veitukerfum 398 m.kr. (2.150 m.kr. árið áður) og alls 399 m.kr. í varanlegum rekstrarfjármunum (2.174 m.kr. árið áður) og voru helstu fjárfestingaliðir þessir:

	Dreifikerfi rafmagn	Dreifikerfi hitaveita	Dreifikerfi o.fl. vatnsveita	Samtals
Reykjanesbær	22.635	18.954	9.794	51.384
Grindavík	22.687	5.293	0	27.981
Sandgerði	6.035	2.293	0	8.328
Garður	1.206	1.884	4.640	7.730
Vogar	485	1.558	10.416	12.459
Hafnir	0	0	0	0
Keflavíkurflugvöllur	109.975	1.020	3.118	114.113
Flugstöðvarsvæði	618	901	0	1.519
	163.641	31.903	27.969	223.512
Hafnarfjörður	64.282	0	0	64.282
Garðabær	25.814	0	0	25.814
Álfanes	28.019	0	0	28.019
	118.115	0	0	118.115
Selfoss	26.290	0	0	26.290
Eyrarbakki	548	0	0	548
Stokkseyri	388	0	0	388
	27.225	0	0	27.225
Vestmannaeyjar	23.237	6.546	6.043	35.826
Jarðhitarannsóknir Vestmannaeyjum	0	2.989	0	2.989
Vestmannaeyjar - neðansjávarlagn	0	0	23.822	23.822
	23.237	9.535	29.866	62.637
Veitukerfi samtals	332.218	41.437	57.834	431.490
Upplýsingakerfi				702
Farartæki- og vinnuvélar				0
Fjárfestingar alls				432.192

Upphæðir eru í þúsundum króna.



Notendaskipti



Notendaskipti voru þó með svipuðu sniði og áður og fylgdu eðlilegri sveiflu.

HS Veitur eru með verksamning við HS Orku um rekstur skrifstofu og þjónustuborðs og sinna starfsmenn HS Orku allri þjónustu fyrir hönd HS Veitna.

Fyrirkomulag á þjónustuborði hefur verið með svipuðu sniði og áður þ.e. skiptiborð, þjónustufulltrúar og bakvinnsla ásamt því að starfandi er verkefnisstjóri þjónustuborðs. Skiptiborð og þjónustuborð svaraði að jafnaði um 280 símtölum daglega frá innri og ytri viðskiptavinum.

HS Veitur hafa sinnt innheimtu fyrir orkureikninga bæði fyrir HS Veitur og HS Orku. Miðað við aðstæður í þjóðfélaginu þá gekk innheimta orkureikninga framur vonum. Vanskil eru samt mismunandi á svæðum HS Veitna. Á Suðurnesjum og Hafnarfirði varð töluverð aukning vanskila milli ára en innheimtan var mun betri í Árborg og Eyjum. Útistandandi skuldir hækkuðu úr 662,5 m.kr. árið 2008 í 759,5 m.kr. árið 2009, eða um 14,6%. Á sama tíma var veltuaukning um 14%. Hluttur HS Veitna í útistandandi skuldum var 454,9 m.kr. en útistandandi skuldir HS Orku voru 304,6 m.kr.

Af 759,5 m.kr. útistandandi skuldum voru gjaldfallnir reikningar 201,4 m.kr., eða 26,6%. Þetta hlutfall var 20,5% á árinu 2008. Af gjaldföllum reikningum þá eru tæp 20% sem eru skuldir brottfluttra viðskiptamanna og í lögfræðilegri innheimtu. Þetta hlutfall var 10,5% á árinu 2008.

Upphæð afskrifaðra orkureikninga hækkaði óverulega á milli ára, eða úr 18,9 m.kr. árið 2008 í 21,7 m.kr. á árinu 2009. Hluttur HS Veitna í afskrifuðum orkureikningum er 14,2 m.kr.

Á árinu var ákveðið að ganga til samstarfs við Intrum á Íslandi um innheimtu orkureikninga og þjónustugjalda. Markmiðið er að halda kostnaði við innheimtu í lágmarki, lágmarka vanskil og tryggja hagkvæmni í rekstri. Reynslan verður að skera úr um hvernig þetta samstarfs tekst og hver árangurinn verður. Veltur framhaldið mikið á því að gott samskiptanet sé á milli Intrum og HS og að hlutverk hvers og eins sé vel skilgreint. Viðskiptavinum HS bjóðast ýmsar leiðir til að greiða reikninga sína og forðast þar með þann kostnað sem óhjákvæmilega bætist við höfuðstól reiknings eftir að innheimtufyrirtækið hefur yfirtekið skuldina. Helst er um að ræða boðgreiðslur og beingreiðslur sem 52% viðskiptavina HS nýttu sér á árinu 2009.



Notkun hitaveituvatns

Vatnsmagn frá orkuveri 2009 var 11.500.122 tonn sem er um 3,5% aukning frá árinu áður og um 50% aukning frá 1998. Framleiðsla varmaorku var 656,3 GWst og mesta orkuframleiðsla einstaks mánaðar var í desember eða 65,2 GWst. Mesta framleiðsla í tonnum var í desember eða 1.120.194 tonn. Hámarks framleiðsla í orkuveri var 26. desember eða um 440 l/s en hámarksálag einstakan dag var 11. febrúar eða 101,44 MW í varma.

Vatnsnotkun að Vallarbyggð var 1.989.550 tonn sem er minnkun um 330 þúsund tonn eða um 16% milli ára, sem skýrist af minnkandi umsvifum, og brotthvarfi Varnarliðsins. Orkunotkun var um 88,1 GWst sem er minnkun um 18%. Þá er meðal hitastig á bakrennslisvatni um 10,3°C lægra nú en 1998, þ.e. betri nýting er nú á framrásarvatni.

Mest orkunotkun var í mars eða 9,73 GWst. Hámarksálag einstakan dag var 12. febrúar 15,7 MW í varma. Vatnsnotkun að Vallarbyggð er nú um 40% af því sem hún var 1998.

Vatnsnotkun í byggðunum, frá dælustöð Fitjum, var 9.582.243 tonn sem er aukning frá síðasta ári um 234 þúsund tonn eða um 2,5%. Hámarksálag var 24. desember eða 74,56 MW í varma. Vatnsnotkun í byggðum, frá dælustöð Fitjum, er nú um 39% meiri en 1998.

Vatnsnotkun til Grindavíkur var 1.700.849 tonn sem er aukning um 4,5% milli ára og er hún nú um 46,5% meiri en 1998.

Vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði var 448.200 tonn sem er um 13% minnkun milli ára, en vatnsnotkun að flugstöðvarsvæði er nú um 45,5% meiri en 1998.

Heildarframleiðsla hitaveituvatns HS hf frá upphafi er nú um 240,3 milljón tonn sem jafngilda um 16.129 GWst. Engar marktækar breytingar hafa komið fram á efnasamsetningu upphitaða vatnsins (hitaveituvatns) sem hitaveitan dreifir um Suðurnes frá orkuverum í Svartsengi.

Orkuöflun hitaveitu í Eyjum

	2009 kWst	2009 %	2008 kWst	2008 %	Breyting %
Raforka.....	59.312.392	87,27%	58.462.416	80,89%	1,45%
Sorpeyðingarstöð.....	3.836.712	5,65%	5.497.780	7,61%	-30,21%
Olía	1.298.650	1,91%	2.149.850	2,97%	-39,59%
Grunnolía.....	736.000	1,08%	2.248.800	3,11%	-67,27%
Orka, FES.....	1.174.550	1,73%	2.085.617	2,89%	-43,68%
Orka, FIVE.....	1.604.443	2,36%	1.826.330	2,53%	-12,15%
	67.962.747	100,00%	72.270.793	100,00%	-5,96%

Rafmagnsdeild

SUÐURNES

Á árinu 2009 voru framkvæmdir mestar á Ásbrú þar sem unnið hefur verið að endurnýjun dreifikerfisins. Áætlað er að endurnýjun ljúki á svæði C (þ.e. utan varnarsvæðis) í lok september. Aðrar helstu framkvæmdir voru endurnýjun lagna í Hólagötu í Njarðvík auk minni verkefna til styrkingar á dreifikerfinu.

Dreifing háspennu

Lagðir voru tæpir 7 km af 12 kV streng á Suðurnesjum á árinu. Helsta verkefnið var á Ásbrú og 200 m strenglagn í Grindavík vegna breytinga á dreifistöð við Ægisgötu.

Inni og ytri skoðanir voru framkvæmdar samkvæmt áætlun. Við lagfæringar eftir skoðanir var fengin aðstoð rafverktaka og miðar því verki nokkuð vel. Settar voru upp 5 nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum, þar af ein í Grindavík en hinar á Ásbrú.

Dreifing lágspennu

Helstu verkefni í lágspennukerfinu voru einnig á Vallarheiðinni en þar voru lagðir 25 km af stofn- og heimtaugarstrengjum. Hverfin sem lagt var í eru 900 hverfið og 1200 hverfið að hluta. Stefnt er að því að klára endurnýjun dreifikerfisins utan varnargirðingar fyrir október 2010. Önnur verkefni voru mun minni í sniðum og fólust helst í endurnýjun lagna og tengingum heimtauga. Gatnalýsingu var viðhaldið með hefðbundnum hætti en unnið er að því að gera ítarlegan samning við eigendur um viðhald og rekstur lýsingarinnar. Þar á helst að skerpa á þeim atriðum sem eru innifalir í viðhaldsgjaldi ásamt líftíma búnaðarins.

Alls voru tengdar 22 heimtaugar á Suðurnesjum, þar af 12 sem voru 200A eða stærri. Um 80 heimtaugar voru lagðar sem enn hafa ekki verið spennusettar. Tengdar voru 13 vinnuheimtaugar. Skoðanir á nýjum virkjum og virkjum í rekstri hafa verið framkvæmdar samkvæmt áætlun. Athugasemdir eftir skoðanir eru skráðar í gagnagrunn, í gegnum vefgátt, sem heldur utan um ferli hennar sem endar með skýrslu um að lagfæringu sé lokið. Þríf og minna eftirlit í aðveitustöðvum og dreifistöðvum hafa fest sig í sessi og eru á sama hátt skráð um vefgátt í gagnagrunn.

Rekstrartruflanir

Hafnarlína sló út þrisvar vegna bilunar. Tvær bilanir voru í háspennu á Ásbrú á 60Hz kerfinu. Tvær háspennubilanir urðu á 12 kV, önnur í Helguvík vegna villu í liða og hin í Njarðvík vegna bilunar í streng. 33kV strengur til Grindavíkur bilaði en strengirnir þangað eru tveir en straumlaust var meðan tengingu var breytt. Auk þessa urðu margar minni truflanir sem höfðu útkall í för með sér. Þar af voru um 50 útköll vegna straumleysis hjá notendum vegna bilunar í búnaði þeirra. Einnig urðu yfir þrjátíu truflanir vegna ákeyrslu á ljósastaura eða ljósleysis.



ÁRBORG

Alger umskipti hafa orðið í vinnuumhverfinu og engar nýlagnir í götur á árinu. Í ársbyrjun 2009 voru tilbúnar lagnir fyrir hús á 370 lóðir og því fyrirséð að ekki þyrfti að sinna þeim framkvæmdum næstu ár. Nýjar veitur sem tengdar voru við veitukerfið voru samtals 12 og skammtímatengingar á árinu 3. Sett var upp ný 315 kVA dreifistöð 80035 við vatnstank kaldavatns og lögð heimtaug í dæluhús vatnsveitu.

Skipt var um spennir og lágspennufellt í dreifistöð 80012 og spennir stækkaður úr 500 KVA í 800 KVA. Sömuleiðis var skipt um spennir og lágspennufellt í dreifistöð 80003 og spennir stækkaður úr 500 KVA í 1000 KVA. Þá var skipt um spennir í dreifistöð 80017 hjá röraverksmiðjunni Set og spennir stækkaður úr 500 KVA í 630 KVA og einnig sett nýtt lágspennufellt.

Ný 800 KVA dreifistöð 80009 var sett á lóðina Austurveg 69 þar sem er stórt verslunar- og verkstæðishús því verður dreifistöð sem nú er inn í húsinu aflögð og húsnæði skilað. Lagðir voru tveir strengir 4x240q inn í húsið.

Raforkunotkun 2009

KWst

	Alm.taxtar	Hítataxtar	Aftataxtar	Samtals
Suðurnes 2009	121.659.286	2.462.823	66.436.856	190.558.965
Suðurnes 2008	118.812.582	3.276.231	61.641.539	183.730.352
Breyting %	2,40%	-24,83%	7,78%	3,72%
Hafnarfjörður 2009	128.117.453	799.353	24.683.940	153.600.746
Hafnarfjörður 2008	131.260.936	1.070.192	23.444.440	155.775.568
Breyting %	-2,39%	-25,31%	5,29%	-1,40%
Vestmannaeyjar 2009	24.828.936	5.742.255	9.418.160	39.989.351
Vestmannaeyjar 2008	24.740.314	6.164.883	10.734.350	41.639.547
Breyting %	0,36%	-6,86%	-12,26%	-3,96%
Árborg 2009	31.278.557	486.354	15.051.650	46.816.561
Árborg 2008	31.501.807	587.360	15.902.570	47.991.737
Breyting %	-0,71%	-17,20%	-5,35%	-2,45%
Samtals 2009	305.884.232	9.490.785	115.590.606	430.965.623
Samtals 2008	306.315.639	11.098.666	111.722.899	429.137.204
Breyting %	-0,14%	-14,49%	3,46%	0,43%
% af heild	49,72%	1,54%	18,79%	70,05%



Endurnýjaðar voru allar lágspennulagnir í hluta af Tryggvagötu þar sem voru gamlar blýstrengslagnir og lagðar nýjar heimtaugar í 5 eldri hús. Aftengd voru tíu gömul hús sem eyðilögðust í jarðskjálftanum 2008 og voru þau rifin. Lágspennukerfi á Stokkseyri var styrkt og lagður 220 m. stofnstrengur 4x95q og lögnum breytt að húsinu Vatnsdal.

Rekstrartruflanir

Bilanir á dreifikerfinu voru í algjöru lágmarki, einn stofnstrengur brann en hægt var að færa á milli strengja og var því rafmagnsleysi í lágmarki meðan viðgerð var framkvæmd. Ástæðan var áverki á streng að völdum gröfu. Aðrar truflanir voru smávægilegar.

Í byrjun ársins tóku starfsmenn HS Veitna sjálfir við rekstri efnislagersins að öllu leiti en áður var hann sameiginlegur með lager Selfossveitna. Síðar á árinu var kaffistofa og skrifstofu aðstaða flutt milli hæða í húsi Selfossveitna og eru hún þá eingöngu fyrir starfsmenn HS Veitna hf.

	Ótryggð sala	Ómæld gatnalýsing	Samtals	Eigin not	Töþ o.fl.	Samtals
Suðurnes 2009	6.465.825	187.341	197.212.131	64.304.288	2.453.740	263.970.159
Suðurnes 2008	7.135.807	1.896.215	192.762.374	63.462.560	9.797.147	266.022.081
Breyting %	-9,39%	-90,12%	2,31%	1,33%	-74,95%	-0,77%
Hafnarfjörður 2009	4.006.588	5.187.187	162.794.521	0	8.748.529	171.543.050
Hafnarfjörður 2008	3.451.699	5.195.508	164.422.775	0	9.187.005	173.609.780
Breyting %		-0,16%	-0,99%		-4,77%	-1,19%
Vestmannaeyjar 2009	74.292.690	922.884	115.204.925	0	3.145.304	118.350.229
Vestmannaeyjar 2008	70.340.574	1.002.000	112.982.121	0	3.320.519	116.302.640
Breyting %		-7,90%	1,97%		-5,28%	1,76%
Árborg 2009	12.673.640	0	59.490.201	0	1.848.751	61.338.952
Árborg 2008	12.532.564	1.299.289	61.823.590	0	1.948.558	63.772.148
Breyting %	1,13%	-100,00%	-3,77%		-5,12%	-3,82%
Samtals 2009	97.438.743	6.297.412	534.701.778	64.304.288	16.196.324	615.202.390
Samtals 2008	93.460.644	9.393.012	531.990.860	63.462.560	22.304.671	617.758.091
Breyting %	4,26%	-32,96%	0,51%	1,33%	-27,39%	-0,41%
% af heild	15,84%	1,02%	86,91%	10,45%	2,63%	100,00%

HAFNARFJÖRÐUR

Dreifing háspennu

Árið 2009 voru lagðir um 1.700 m af 12 kV háspennustreng á Hafnarfjarðarsvæðinu. Vegna lagningar fyrsta áfanga Álftanesvegur voru lagðir um 800 m af háspennustreng við gatnamót við Granda á Álftanesi. Þá voru lagðir 460 m af háspennustreng að nýja byggingarsvæðinu Vellir 7. Á árinu 2009 voru settar upp sex nýjar dreifistöðvar. Ein stöð var sett upp á Völlum 7 í Hafnarfirði vegna væntanlegra nýbygginga þar. Nýjar dreifistöðvar voru settar upp við Skútahraun 4, Melabraut 20 og Breiðhelli 2 í iðnaðarhverfinu í Hellnahrauni II, vegna aukins álags á þeim svæðum. Í Garðabæ var gengið frá nýrri dreifistöð við Kaupþún og er hún sambyggð verslunarhúsi sem verið er að taka í notkun. Á Álftanesi var sett upp dreifistöð fyrir nýju sundmiðstöðina og nágreppi hennar og kemur hún í stað eldri dreifistöðvar sem tekin var niður. Skoðanir á dreifistöðvum voru samkvæmt áætlun og var unnið talsvert mikið við lagfæringar í þeim á árinu.

Dreifing lágspennu

Lagðir voru um 4.000 m af 1 kV dreifistrengjum á Hafnarfjarðarsvæðinu. Af þeim fóru um 700 m vegna styrkingar á dreifikerfi að Hraunsholti í Garðabæ, en þar hefur verið bætt við nýjum íbúðarhúsaloðum á síðustu árum. Einnig voru lagðir um 1.200 m af 1 kV dreifistrengjum vegna tengingar nýju dreifistöðvarinnar við sundmiðstöðina á Álftanesi.

Samtals voru tengdar 86 heimtaugar á Hafnarfjarðarsvæðinu, sem skiptist þannig að aðalheimtaugar voru 71 og vinnuheimtaugar 15. Þetta eru mun færri heimtaugar en voru lagðar árið 2008, en þá voru heimtaugar samtals 369.

Rekstrartruflanir

Rekstrartruflanir á 12 kV kerfinu í Hafnarfirði urðu samtals fimm árið 2009. Vegna vinnu Landsnets við 132 kV tenginguna til Hafnarfjarðar varð að taka straum af öllu Hafnarfjarðarsvæðinu aðfaranótt 19. júní 2009. Straumleysið var frá kl. 01:00 til 05:15. Þessi tími var m.a. notaður til þess að þrífa rafmagnsbúnað í aðveitustöðinni við Öldugötu í Hafnarfirði og vinna við ýmsar lagfæringar í dreifistöðvum HS Veitna, sem ekki er hægt að gera nema taka rafmagn af. Þann 1. ágúst bilaði lítill dreifispennir sem fæðir nokkur hús í Vesturmörk í Hafnarfirði og var straumlaust þar í um 8 tíma á meðan skipt var um spenninn. Þann 19. ágúst varð bilun í háspennustreng í Merkur götu og olli það straumleysi í hluta Vesturbæjar og Garðaholti í um 20 mínútur. Tvær rekstrartruflanir voru minniháttar og stóðu stutt yfir.



VESTMANNAEYJAR

Dreifing lágspennu

Endurnýjaðar voru raflagnir á Heiðarvegi, milli Hásteinsvegar og Bessastígs. Spennubreyting var gerð á 6 húsum. Klárað var að ganga frá lögnum vegna stækkunar í Litlagerði, þar sem byggja á 4 einbýlishús, einnig voru reistir 10 ljósastaurar.

Nýframkvæmd í gatnalýsingu var lýsing á Bárugötu og klárað lýsing í kringum nýbyggingu hússins Baldurshaga.

Viðbætur voru á eldvarnarkerfi í vélasal. Gengið var frá nýrri aðaltöflu í vatnsveituhúsi á Skansi og lagðar nýjar lagnir að dælum og rennislismælum. Talsverð vinna var við tengingar á dælum og rennislismælum fyrir hita- og vatnsveitu.

Skipt var um 6 götuskápa víða um bæinn og unnið við endurnýjun gatnalýsingar. Aðallega voru útskipti á gömlum lömpum þar sem hús og búnaður voru farin að tærast og ryðga. Hluta af þeim lömpum sem voru teknir niður var hægt að endurnýja. Bilanir á heimtaugum voru 2 og nýjar heimtaugar voru 4 á árinu, ein af þeim var 200A. Endurnýjaðir voru 62 sölumælar á árinu. Í lágspennukerfi stendur til að halda áfram með endurnýjun gamalla olíustrengja og götukassa og ganga frá lýsingu á Eiði og Kleifum.

Dreifing háspennu

Ýmsar lagfæringar voru gerðar á dreifistöðvum vegna skoðunar. Gengið var frá MÖRE dreifistöð við Íþróttahús, en gamla stöðin var í kjallara Íþróttamiðstöðvarinnar og vegna stækkunar á útisvæði sundlaugar var ekki hægt að þjónusta stöðina. Í dreifistöð 90021, Völundi, var gengið frá nýjum spennni. Spennir sem var notaður fyrir stöðina var tekinn frá spennni sem er fyrir vél 5 í vélasal. Í dreifistöðvum 34, Vesturvegur, og 62, Olnbogi, var klárað að ganga frá lágspennutöflum. Skipt var um hurð og loftristar á einni stöð. Í dreifistöð 90019, Gagnfræðaskóli, og dreifistöð 90022, Flatir, var lokið við að ganga frá umhverfi, hellulagt og tyrft.

Á næsta ári þarf að byggja upp lágspennufellt í einni dreifistöð, þar sem nú er gamalt og úreitt efni. Þá hefur athugasemd borist vegna þessara dreifistöðvar frá Skoðunarstofu. Vegna uppbyggingar hjá GODTHAAB í NÖF er áætluð stækkun á heimtaug í 900A. Fyrirhugað er að endurnýja háspennustrenginn frá dreifistöð 03, Bessastíg, að 00, kyndistöð.



Rekstrartruflanir

Óvenju miklar bilanir urðu í háspennukerfinu á árinu sem eflaust má rekja til spennubreytingarinnar úr 6,3 í 11 kV haustið 2007.

Um áramótin 2008/2009 bilaði strengurinn milli dreifistöðva 90076, Lyngfell, og 90079, Stórhöfði. Strengurinn brann miðja vega milli dreifistöðvanna og komu rafvirkjar HS Veitna í Hafnarfirði og aðstoðuðu við að finna bilunina.

Pann 23. mars brann strengur á milli 90014, Skans, og 90015, Hrafnagil. Enn á ný komu rafvirkjarnir í Hafnarfirði með leitartæki og voru fljótir að finna bilunina. Pann 14. ágúst brann strengur á milli 90045, Ísfélag, og 90048, Friðarhöfn. Í framhaldi af því var sá strengur endurnýjaður á milli dreifistöðva.

Óvenju margar truflanir voru í Eyjum af völdum áflugs fugla á svonefnda Víkurlínu, línu sem tengist dreifistöð Landsnets í Rimakoti. Línan er í eigu RARIK og liggur frá Rimakoti til Víkur í Mýrdal. Landsnet gerði svokallaða gæðamælingu í Eyjum og Rimakoti s.l. haust og í framhaldi af því höfðu þeir samband við RARIK sem mun gera úrbætur á Víkurlínu.

Ýmsar upplýsingar varðandi rekstur 2009

Tafla þessi sýnir viðbætur og breytingar í dreifikerfum HS

	Reykjanes- bær	Grinda- vík	Sand- gerði	Garður
Rúmmál tengdra húsa - íbúðir.....	136.996	28.217	11.338	22.572
Rúmmál tengdra húsa - annað.....	62.286	47.134	11.716	0
Rúmmál aftengdra húsa - íbúðir.....	-907	0	0	0
Rúmmál aftengdra húsa - annað.....	0	-160	0	0
	198.375	75.191	23.054	22.572
Sala um mæla húsnaða (m³).....	263.498	125.340	396.286	9.435
Sala til sundlauga (m³)	180.577	100.042	91.949	96.585
Sala um mæla iðnaðarnota (m³).....	65.045	97.271	35.649	4.861
Sala til sérstakra iðnaðarnota (m³).....	6.118	43.863	0	136.744
	515.238	366.516	523.884	247.625
Sala á ferskvatni (m³) *	4.040.755	1.241.639	761.925	851.935
Sala um hemla 1.1.2009 l/m	14.693	3.340	1.915	1.501
Sala um hemla 31.12.2009 l/m	15.020	3.324	1.898	1.516
Viðbætur 2009 %.....	2,23%	-0,48%	-0,89%	1,00%

Flugstöðin og aðrar byggingar þar eru taldar með Sandgerði.

* Í Reykjanesbæ og Garði er bæði um „sölu“ og „notkun“ að ræða eftir kaup HS á vatnsveitum bæjanna. Flugvöllur er þar einnig meðtalin.



Vatnsdeild

SUÐURNES

Hitaveita

Á árinu voru lagðir um 1,2 km af dreifikerfi og er lengd dreifikerfisins þá nú um 378 km. Pípulengd aðveitu- og stofnæða er um 65 km. Lengd aðveitu-, stofn- og dreifikerfis er um 443 km. Lagt var inn í 59 hús á árinu, en 5 hús voru aftengd. Inntökum fjölgaði því um 54 á árinu, mest í Njarðvík en þar fjölgaði um 36 inntök. Fjöldi inntaka í árslok var 6.324.

Helstu verkefni voru eftirfarandi. Í Reykjanesbæ voru tengd 36 ný hús og endurnýjun lagna í Hólagötu, norðan Borgarvegar. Í Grindavík var nýr skóli tengdur við Suðurhóp. Í Sandgerði var tengd ný álma við skólann við Skólastræti og í Garði var tengd ný álma við skólann við Garðbraut.

Hemlagrindum fjölgaði um 48 mest í Reykjanesbæ, en þar fjölgaði hemlagrindum um 44. Rennslismælum fjölgaði um 22. Í árslok voru hemlar 6.715 og rennslismælar 238 eða samtals 6.953.

Vogar	Hafnir	Byggð samnt.	Flugv. svæði	Samtals	Vestmanna- eyjar	Samtals
9.926	0	209.049	0	209.049	0	209.049
0	0	121.136	8.071	129.207	6.328	135.535
0	0	-907	0	-907	-168	-1.075
0	0	-160	0	-160	0	-160
9.926	0	329.118	8.071	337.189	6.160	343.349
6.829	38	801.426	19.279	820.705	1.227.662	2.048.367
29.858	0	499.011	0	499.011	31.850	530.861
6.242	0	209.068	377	209.445	0	209.445
19.654	14.362	220.741	0	220.741	0	220.741
62.583	14.400	1.730.246	19.656	1.749.902	1.259.512	3.009.414
1.913.042	25.019	8.834.315	0	8.834.315	671.966	9.506.281
1.136	125	22.710	6.005	28.715	0	28.715
1.151	118	23.027	4.512	27.539	0	27.539
1,32%	-5,60%	1,40%	-24,86%	-4,10%	0,00%	-4,10%



Breytingar í dreifikerfi 2009

Hitaveitudeild

Staður	Lengd 31.12.'08 metrar	Dreifikerfi		Fjöldi 31.12.'08 stk.	Inntök	
		Viðbætur 2009 metrar	Lengd 31.12.'09 metrar		Viðbætur 2009 stk.	Fjöldi 31.12.'09 stk.
Keflavík.....	91.531	81	91.612	2.124	1	2.125
Grindavík.....	50.584	235	50.819	938	7	945
Njarðvík.....	75.251	471	75.722	1.400	36	1.436
Sandgerði.....	34.002	186	34.188	562	3	565
Garður.....	31.200	156	31.356	531	3	534
Vogar o.fl.....	20.120	18	20.138	367	2	369
Hafnir.....	3.189	0	3.189	48	0	48
Keflavíkurflugvöllur.....	63.991	9	64.000	280	1	281
Flugstöðvarvæði.....	6.820	76	6.896	20	1	21
Samtals	376.688	1.232	377.920	6.270	54	6.324

Heildarlengd á pípum í kerfinu er nú um 378 km. Á Keflavíkurflugvelli og við flugstöðina er tvöfalt kerfi, einnig er tvöfalt kerfi í hluta Njarðvíkur, en þar eru bakrennslispípur 6.237 metrar. Lenging lagna í dreifikerfinu var 0,3% á árinu 2009 (var 1,5% 2008). Inntökum fjölgaði um 0,9% á árinu 2009 (var 3,3% 2008).


Hemlar og mælar, breytingar 2009

Hitaveitudeild

Staður	Fjöldi 31.12.'08 stk.	Hemlar		Fjöldi 31.12.'08 stk.	Mælar	
		Breyting 2009 stk.	Fjöldi 31.12.'09 stk.		Breyting 2009 stk.	Fjöldi 31.12.'09 stk.
Reykjanesbær.....	3.885	45	3.930	96	0	96
Grindavík.....	946	0	946	57	4	61
Sandgerði og Flugstöðvarvæði	591	5	596	34	3	37
Garður.....	552	8	560	17	1	18
Vogar.....	371	3	374	10	0	10
Hafnir.....	48	-1	47	2	1	3
Keflavíkurflugvöllur.....	274	-12	262	0	13	13
Samtals	6.667	48	6.715	216	22	238

Nýlagnir 2001-2009, hitaveita

Dreifikerfi og fjöldi inntaka



Gerðar voru 4.570 verkbeiðnir, flestar vegna notendaskipta eða 1.979, vegna ýmissar þjónusta hitaveitu 1.515 og vegna breytinga á vatnsskammti 311. Á árinu voru skoðaðar 2.450 grindur sem er 35% af heildarfjölda grinda, en þær voru alls 6.953 í árslok. Í lagi reyndust 881 grind eða 36% skoðaðra grinda. Bilanir í kerfi húseigenda reyndust vera 392.

Af öðrum verkefnum má nefna eftirlit með aðveitu- og stofnæðum, eftirlit og viðhald brunna og útloftanna.

Kalt vatn

Á árinu voru lagðir 0,5 km dreifikerfis og tengd 25 hús í Reykjanesbæ, 3 í Garði og 1 á Keflavíkurflugvelli eða alls 29 hús. Í árslok voru kaldavatnsheimæðar 4.521, í Reykjanesbæ 3.638, í Garði 563 og á Keflavíkurflugvelli 320.

Helstu verkefni voru eftirfarandi. Í Reykjanesbæ voru hús tengd ásamt endurnýjun lagna í Hólagötu, norðan Borgarvegjar. Í Garði var endurnýjuð pípa að löngörðum.

Unnið var við viðhald á 77 heimæðum þar af 38 í Keflavík, 23 í Njarðvík, 12 í Garði, 2 á Keflavíkurflugvelli og 2 í Höfnum. Af öðrum verkefnum má nefna að í Garði var unnið við viðhald vatnsgeyma í Árnarétt og Skálareykjum. Dælustöðvar Gerðavegi, Heiðarbraut og Skálareykjum í Garði voru málaðar að utan, einnig var unnið við lekaleit í Garði. Á Keflavíkurflugvelli var unnið við málun brunahana.



VESTMANNAEYJAR

Hitaveita

Ein ný heimæð var lögð á árinu og eitt rafkynnt hús skipti úr rafkyndingu í hitaveitu. Fimm bílanir urðu á árinu. Um var að ræða tærð rör vegna þess að krumpun misfórst í flest öllum tilfellum. Undirbúningur hófst við að koma af stað rennismælingum í kerfinu til að mæla leka og staðsetja þá með meiri nákvæmni en gert hefur verið.

Lítið var um mælaskipti á árinu miðað við undanfarin ár. Mælar voru sendir til úrtaksprófunar til Frumherja eins og reglugerð segir til um. Voru þetta mælar sem settir voru upp árið 1997. Prófunin leiddi í ljós að mælarnir féllu þ.e.a.s. skipta þarf út öllum mælum sem settir voru upp 1997. Ef mælasafnið stenst prófið, þá mega mælarnir vera 5 árum lengur uppi.

Gert var við nokkur inntök eins og undanfarin ár. Ekki er um skipulagt viðhald að ræða, heldur gert við þegar þurfa þykir. Töluverð vinna var við viðhald í hitaveitubrunnum. Gert var við rör og þenslur ásamt því að skipta um lofttúður og stiga.

Tengd húsnæði 31.12.2009

	Íbúðaðarhúsnæði m³	Annað m³	Alls m³	%	l/mín	Íbúafjöldi 31.12.09	%	Tonn húshitun
Reykjanesbær	2.486.587	1.293.332	3.779.919	60,33%	15.020			263.498
Hafnir	19.663	1.522	21.185	0,34%	118			38
	2.506.250	1.294.854	3.801.104	60,66%	15.138	14.081	65,96%	263.536
Grindavík	494.775	361.893	856.668	13,67%	3.324	2.841	13,31%	125.340
Sandgerði	282.299	172.584	454.883	7,26%	1.898	1.711	8,01%	0
Sandgerði - Flugvallarsvæði	0	532.210	532.210	8,49%	0	0	0,00%	396.286
	282.299	704.794	987.093	15,75%	1.898	1.711	8,01%	396.286
Garður	275.832	78.310	354.142	5,65%	1.516	1.520	7,12%	9.435
Vogar	197.755	69.062	266.817	4,26%	1.151	1.195	5,60%	6.829
Alls	3.756.911	2.508.913	6.265.824	100,00%	23.027	21.348	100,00%	801.426
Varnarsvæðið	643.486	1.153.160	1.796.646		4.512			19.279
Alls	4.400.397	3.662.073	8.062.470		27.539	21.348		820.705
Vestmannaeyjar	397.247	293.746	690.993		0	4.129		1.227.662
Alls	4.797.644	3.955.819	8.753.463		27.539	25.477		2.048.367

Rekstrartruflanir voru nokkuð margar í kyndistöðinni. Mikið hefur verið um „blikk“ í raforkukerfinu sem á sér stað uppi á landi en við þessi „blikk“ slær rafskautaketillinn út. Tvisvar var farið inn í rafskautaketillinn og skipt um skaut sem voru mjög brunnin. Þegar skautin brenna svona skart þá stíflast varmaskiptar og áspéttir við hringrásardælu skemmist. Unnið er að því að finna ástæðu fyrir þessum mikla bruna. Allar útihurðar á stöðinni voru endurnýjaðar. Skipt var um plötur í varmaskipti VP2 & VP3. Skorsteinn nr. 1 var endurnýjaður þar sem hann var illa tærður. Skorsteinninn var tekinn niður, sett nýtt ryðfrítt innra birgði, ný einangrun, ytra birgði endurnýjað að hluta, ný ryðfrír hattur settur á og var hann síðan málaður með endingargóðri málningu. Skipalyftan í Eyjum sá um framkvæmdina.

Tekið var á móti 111, 2 tonnum af úrgangsolíu og 92 tonn brennd af grunnolíu.

Unnið var við varmadæluverkefnið á árinu. Í lok nóvember var boruð hola við kyndistöðina niður á 100 metra til að kanna jarðlög og lekt.

Vatnsveita

Fjórar bílanir urðu á stofnæð í landi en um smávægilegar bílanir var að ræða. Unnið var við að styrkja varnargarð upp sandinn frá dælustöð með því að raða heyböggum á þá staði sem líklegastir voru til að gefa eftir í miklu vatnsveðri.

Nokkrar undirstöður undir dælustöðinni á Landeyjarsandi voru steypar upp. Höfðu undirstöðurnar látið á sjá vegna sandfoks. Úrtak var sett á stofnæð ásamt rennismæli fyrir Landeyjahöfn.

Samið var við Djúptækni ehf um að setja sérútbúnaðar steypar sökkur á nýju 8" neðansjávarleiðsluna. Samningurinn tók gildi 1. júlí og lauk 31. júlí og voru settar niður 23 sökkur. Sökkurnar voru settar niður þar sem hreyfing er á leiðslunni og á aðra álagspunkta. Á vordögum var Djúptækni fengin til að mynda alla lögnina frá Vestmannaeyjum að landi með djúpsjávarmyndatöku. Var lögnin öll mynduð til að sjá ástandið á henni eftir sinn fyrsta vetur. Einnig var lögnin öll hnitsett og sett inn á kort. Stuðst var við djúpsjávarmyndatöku við ákvörðun á stöðum sem sökkur voru settar niður. Allar sökkur eru hnitaðar inn og færðar inn á kort.

Í dreifikerfi vatnsveitu var stofnæð úr asbest í Heiðarvegi, frá Hásteinsvegi að Bessastíg, aflögð og ný plastleiðsla DN 225 lögð í staðinn. Ný heimæð lögð að Hilmisgötu 4 og að Ofanleitisvegi 1.

Fimm bílanir urðu á árinu. Efnisgalli olli einni bílun en hinar bílanirnar voru vegna lélegrar jarðvinnu. Tveir nýir brunahanar voru settir upp fyrir gamla sem fyrir voru.

Tekin voru regluleg sýni úr vatnsveitunni ásamt einni heildarrannsókn sem fram fór í Svíþjóð. Útkoman var góð, öll sýni voru fullkomlega heilnæm.

Dælustöð Friðarhöfn var máluð sandgul og skipt var um hurð á dælustöð Norðurgarði.

Lítið var um mælaskipti á árinu.



Lykilstærðir í ársskýrslu 2009

Rafmagnsveita / Dreifing	Suðurnes Magn	Hafnarfjörður Magn	Eyjar Magn	Árborg Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæðis	700	163	13	159	1.035	km ²
Íbúar á orkuveitusvæðinu	21.348	30.883	4.129	7.810	64.170	fjöldi
Heimtaugar	6.671	6.540	1.988	3.225	18.424	fjöldi
Veitur (mælitæki)	10.520	14.894	2.342	3.757	31.513	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	62,0	18,0	15,0	4,0	99,0	stöðugildi
Fjöldi ársverka	20,0	19,0	7,0	4,0	50,0	ársverk
Aðveitustöðvar, uppsett spennaafl	398,4	41,0	52,5	20,0	511,9	MVA
Dreifistöðvar, uppsett spennaafl	176,00	123,36	27,11	27,27	353,73	MVA
Lengd aðveitukerfis	173,0	0,0	1,5	0,0	174,5	km
Lengd háspennudreifikerfis	272,0	132,2	25,8	54,1	484,1	km
Lengd lágspennudreifikerfis	1.605,3	443,7	89,6	193,6	2.332,2	km
Orkuöflun alls, mesta afl án ótryggðrar orku	33,60	33,70	9,36	9,68	86,3	MW
Orkuöflun alls, mesta afl með ótryggðri orku	42,90	34,00	23,70	13,40	114,0	MW
Orkuöflun alls - aðrir	200,3	171,5	119,0	61,3	552,1	GWst
Smásala	190,6	153,6	40,0	46,8	431,0	GWst
Smásala - aðrir á dreifuveitusvæði HS Veitna hf.					GWst	
Smásala ótrygg orka	6,5	4,0	74,3	12,7	97,5	GWst
Heildsala	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	GWst
Smásala (án vsk); dreifing og flutningur	764,9	736,0	227,0	226,9	1.954,8	Mkr
Heildsala (án vsk)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	3,88	4,67	1,99	3,81	3,70	kr/kWst
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	3,69	0,00	14,85	0,79	19,34	Mkr
Niðurgreitt magn	1.179.006	0	4.745.571	250.529	6.175.106	kWst

HITAVEITA	Suðurnes Magn	Eyjar Magn	Samtals Magn	Einingar
Stærð veitusvæði	700	13,3	713	km ²
Íbúar með hitaveitu	21.288	3.609	24.897	fjöldi
Hús tengd hitaveitu	6.324	1.462	7.786	fjöldi
Veitur (mælitæki)	6.953	1.446	8.399	fjöldi
Fjöldi starfsmanna	62	15	77	stöðugildi
Fjöldi ársverka	15	5	20	ársverk
Uppsett afl á jarðhitasvæði	150	0	150	MW
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta)	125	38	163	MW
Lengd safn- og aðveituæða	67	1,4	68,4	km
Lengd dreifikerfis	377,9	71,5	449,4	km
Vatnsmagn inn á dreifikerfi	11.500.122	1.632.160	13.132.282	m ³ /ári
Hámarksálag á árinu	101,4	12,7	114,1	MW
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi	656,3	67,9	724,2	GWst/ári
Hlutfall orkuframleiðslu: Jarðhiti	100	0		%
Hlutfall orkuframleiðslu: Annað	0	100		%
Smásala	28.715		28.715	l/mín/mán;
Smásala	1.749.902	1.259.512	3.009.414	m ³ ;
Smásala (án vsk)	1.042,0	247,6	1.289,6	Mkr
Heildsala (án vsk)	0	0,0	0,0	Mkr
Meðalverð í smásölu (án vsk)	1,60			kr/kWst
Meðalverð í smásölu (án vsk)		196,50		kr/m ³
Niðurgreiðslur frá ríkissjóði	0	73,08	73,08	Mkr
Niðurgreitt magn	0	796.111	796.111	m ³

14,4% meira af vatni rann/dælt til Vestmannaeyja á árinu miðað við árið 2008. Rafmagnsnotkun á dælur minnkaði mikið milli 2008-2009. Árið 2008 runnu/dælt 919.808 m³ og rafmagnsnotkunin var 145.320 kWh (0,15 kWh/m³). Árið 2009 runnu/dælt 1.052.795 m³ og notkunin 49.296 kWh (0,04 kWh/m³). Um er að ræða mikinn mun milli ára í rafmagnsnotkun á dælur. Árið 2009 var fyrsta heila rekstrarár nýju neðansjávarleiðslunnar. Mun minna þarf að dæla því sjálfrennsli jókst um 60% með tilkomu nýju leiðslunnar.

Innkaupa- og birgðadeild

Árið 2009 var fyrsta árið í rekstri HS Veitna eftir uppskiptingu Hitaveitu Suðurnesja í HS Veitur og HS Orku um áramótin 2008/2009. Þó svo samanburður við fyrri ár sé erfiður þá er samt ljóst að umfang innkaupa og innflutnings var mun minna en á árinu 2008. Þróun þessi er í takt við það sem gerst hefur í þjóðfélaginu eftir bankahrunið 2008 og ekki við öðru að búast.

Einungis eitt útboð var auglýst á árinu, dælur fyrir kaldvatnsdælustöð í Vogum.

Birgðageymslur fyrirtækisins eru fjórar þ.e. í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Árborg. Birgðaverðir í fullu starfi eru fjórir og tveir í hlutastarfi auk birgðastjóra sem starfar við hlið innkaupastjóra. Þrír birgðaverðir starfa í Reykjanesbæ auk birgðastjóra og sjá þeir einnig um geymslur HS Orku á Reykjanesi og Ásbrú (fyrrum varnarsvæði á Keflavíkurflugvelli) og leysa af eftir þörfum í Hafnarfirði og hjá HS Orku í Svartsengi. Á árinu var sagt upp samningi við Selfossveitur um að birgðavörður þeirra annaðist birgðavörslu fyrir HS Veitur. Jafnframt voru gerðar breytingar á samningi um húsaleigu þar og m.a. fékk fyrirtækið afnot af læsanlegu rými þar sem mestum hluta birgða var komið fyrir. Einn af starfsmönnum HS Veitna í Árborg annast nú birgðahaldið í hlutastarfi. Starf birgðavarðar í Vestmannaeyjum er einnig hlutastarf.

Á árinu var unnið að endurskipulagningu á öllu fyrirkomulagi í birgðageymslunni í Reykjanesbæ, bæði utanhúss og innan. Útisvæðið var hreinsað rækilega, ýmsu gömlu efni var fargað og vörum endurraðað og merkingar endurbættar. Innanhúss var gert verulegt átak, hreinsað, vörum komið betur fyrir og merkingar á vörum og svæðum/staðsetningum bættar. Þá voru tekin frá og sérmerkt svæði fyrir vörur sem keyptar eru beint á ákveðin verk og geyma þarf í skemmri eða lengri tíma. Þessari vinnu var ekki lokið á árinu og heldur hún áfram á næsta ári.

Heildarvirði birgða HS Veitna í upphafi árs var 436 m.kr. en lækkaði um rúm 30% á árinu og var um 303 m.kr. í lok árs. Á árinu 2008 varð mikil birgðasöfnun á þeim birgðum sem nú eru eign HS Veitna. Keypt hafði verið inn mikið magn jarðstrengja og spennistöðva vegna fyrirhugaðra framkvæmda hjá ýmsum sveitarfélögum sem hætt var snögglega við eftir bankahrunið á haustmánuðum 2008. Þessi aukning gekk að mestu til baka á árinu m.a. vegna framkvæmda við endurnýjun og breytingar á raflögnum á Ásbrú.



Starfsemi innkaupastjóraráðs Samorku, sem HS Veitur eiga fulltrúa í, var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Engin ný útboð voru auglýst á árinu en í gildi eru samningar um kaup á jarðstrengjum, götuljóssum, götuljósastaurum og perum sem eru þær vörur sem hópurinn hefur haft samvinnu um útboð á.

Viðhaldsdeild

Eins og áður voru starfsmenn viðhaldsdeildar þrír, viðhaldsstjóri og tveir trésmiðir. Þeir sinna viðhaldsverkefnum bæði fyrir HS Veitur og HS Orku og voru verkefni fjölbreytt eins og undanfarin ár. Deildin hefur umsjón með og annast viðhald mannvirkja fyrirtækisins en þau helstu eru aðveitustöðvar, dreifistöðvar, dælustöðvar og miðlunargeymar, birgðageymsla í Reykjanesbæ

Tekjur 2009

	Heitt vatn	Fersk vatn	Rafmagns- dreifing	Rafmagns- flutningur
Reykjanesbær.....	502.600	230.215	246.956	96.971
Keflavíkurflugvöllur.....	193.199	10.626	67.648	35.069
Grindavík.....	136.773	10.278	77.816	33.973
Sandgerði.....	104.756	5.463	75.217	34.471
Garður.....	63.174	21.787	31.403	13.044
Vogar.....	41.521	3.286	36.068	16.220
Flugstöðvarsvæði.....	0	0	0	0
Suðurnesjasvæði.....	0	0	0	0
	1.042.023	281.654	535.107	229.748
Hafnarfjörður.....	0	0	421.725	163.183
Garðabær.....	0	0	81.423	33.441
Álftanes.....	0	0	25.838	10.032
Hafnarfjarðarsvæði.....	0	0	0	0
	0	0	528.986	206.656
Selfoss.....	0	0	141.264	60.772
Eyrarbakki.....	0	0	9.396	3.406
Stokkseyri.....	0	0	8.773	3.281
Árborgarsvæði.....	0	0	0	0
	0	0	159.433	67.460
Vestmannaeyjar.....	247.582	88.870	136.785	90.264
Önnur svæði.....	0	0	450	0
Tekjur alls.....	1.289.604	370.524	1.360.761	594.128
	32,45%	9,32%	34,24%	14,95%



og skrifstofu- og birgðageymsla og tækjageymsla í Hafnarfirði. Vinnusvæði deildarinnar hefur í seinni tíð teygst sig til Hafnarfjarðar, Álfhúss, Garðabæjar og Árborgar.

Verkstjóri viðhaldsdeildar annast umsjón með og samskipti við verktaka við viðhaldsverk og önnur verk er deildin sér um.

Starfsmenn deildarinnar hafa undanfarin ár séð um árlegt eftirlit með aðveitu- og dreifistöðvum. Farið er einu sinni á ári í kerfisbundna yfirferð til þrifa, eftirlits og mælinga í allar stöðvarnar sem eru alls 446 talsins á þessu svæði, 16 aðveitustöðvar og 430 dreifistöðvar. Niðurstöður eftirlits og mælinga eru skráðar niður og notaðar síðar til úrvinnslu við viðhald eignanna og skipulagningu þess.

Stofn- gjöld	Önnur þjónustugjöld	Aðrar rekstrartekjur	Tekjur alls	%
12.329	27.194	45.727	1.161.991	29,24%
11.762	545	63.752	382.601	9,63%
5.131	6.174	4.325	274.470	6,91%
3.187	3.402	3.344	229.840	5,78%
2.340	3.307	1.274	136.328	3,43%
1.201	2.148	304	100.748	2,53%
1.460	0	246	1.706	0,04%
2.309	0	2.101	4.411	0,11%
39.719	42.771	121.074	2.292.095	57,67%
10.020	42.492	19.708	657.128	16,53%
3.934	4.863	2.143	125.802	3,17%
695	1.931	651	39.147	0,98%
2.725	0	961	3.686	0,09%
17.374	49.285	23.462	825.763	20,78%
2.852	10.731	6.421	222.040	5,59%
97	107	87	13.093	0,33%
410	34	625	13.123	0,33%
-25	0	308	283	0,01%
3.334	10.871	7.441	248.539	6,25%
2.506	8.597	26.071	600.675	15,11%
0	18	7.038	7.506	0,19%
62.933	111.541	185.086	3.974.577	100,00%
1,58%	2,81%	4,66%	100,00%	



Á árinu voru settar niður 6 nýjar dreifistöðvar á Suðurnesjum, þrjár á Ásbrú, ein í Grindavík, ein í Sandgerði og ein í Keflavík.

Í Hafnarfirði var hafin markviss uppbygging á dreifistöðvum í gamla bæjarhlutanum og stöðvarnar við Álfaskeið og Eyrartröð voru endurbyggðar að utanverðu. Á Suðurnesjum var ein dreifistöð endurbyggð á sama hátt og þök lagfærð og máluð á alls 15 stöðvum. Áfram verður unnið á sömu braut.

Í byrjun árs lá við slysi í dreifistöð við Heiðarholt í Keflavík þegar teinn var rekinn inn um loftrist á stöðinni. Ný stöð var sett á þennan stað eftir þetta atvik og eftir úttekt á fjölda dreifistöðva voru gerðar endurbætur á alls 20 stöðvum á Suðurnesjum og í Hafnarfirði til að koma í veg fyrir að slíkt gæti gerst aftur.

Veggjakrot og málningslettur eru vaxandi vandamál og er unnið kerfisbundið að hreinsunum og að því að reyna að koma í veg fyrir slíkt.

Undanfarin sumur hefur verið unnið ótullega með aðstoð verktaka að frágangi lóða við nýjar stöðvar og viðhaldi eldri svæða. Á árinu var sérstakt átak gert til viðhalds og snyrtingar á eldri svæðum og ætti það að sjást glögggt á ýmsum stöðum.

Eitt af verkefnum viðhaldsdeildar hefur verið að gera endurbætur á götuskápum. Áður en nýir skápar eru settir upp eru þeir teknir inn á verkstæði og þeir varðir til að standast betur raka og seltu.

Af öðrum verkefnum má nefna viðhald og breytingar á birgðageymslu í Njarðvík.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi þau verk sem starfsmenn viðhaldsdeildar hafa unnið að á árinu enda erfitt að gefa tæmandi yfirlit en enginn skortur er á verkefnum.



Upplýsingasvið

Upplýsingasvið annast, eins og nafnagiftan gefur til kynna, upplýsingakerfi fyrirtækisins. Til upplýsingakerfa telst allur tölvuhugbúnaður, tölvuvélbúnaður og símabúnaður fyrirtækisins fyrir utan iðntölvustýringar og þess háttar tækjabúnað.

Starfsmenn Upplýsingasviðs voru þrír meginhluta ársins en í lok ársins sagði einn af þeim upp störfum. Í staðinn fyrir að ráða mann í hans stað hefur verið gerður þjónustusamningur við fyrirtæki sem mun manna stöðuna sem hann hefur sinnt. Fyrirtækið hefur fengið starfsaðstöðu innan HS Orku og þar er minnst einn starfsmaður þess staðsettur. Með þessu móti fæst ekki eingöngu einn starfsmaður eins og ef ráðið hefi verið í stöðuna, heldur aðgangur að fleirum ef á þarf að halda tímabundið ásamt því að hafa aðgang að þekkingu reyndra manna.

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að innleiðingu á nýju orkureikningakerfi hjá fyrirtækinu með hléum því önnur verkefni hafa haft mikil áhrif til seinkunnar þess. Fjárhagsleg uppskipting fyrirtækisins Hitaveitu Suðurnesja í dreifingar og framleiðsluhluta sem og seinna uppskipting á fyrirtækjunum í HS Orku og HS Veitur hefur verið sett framar í verkefnaröðina á kostnað orkureikningakerfisins. Á seinasta ári, eftir uppskiptingu fyrirtækisins í tvö sjálfstæð félög, var því settur aukinn kraftur í innleiðinguna og ætlunin var að innleiða kerfið um haustið 2009. Nú um áramótin var nýtt orkureikningakerfi gangsett, aðeins á eftir áætlun, og eins og við mátti búast er verkefnastaðan núna góð. Starfsmenn fyrirtækisins hafa sýnt verkefninu mikinn skilning og þolinmæði og eru menn sannfærðir um að nýja kerfið verður mun betra þegar byrjunarörðugleikarnir eru að baki. Nýja kerfið ber nafnið Xellent og er innan Microsoft Dynamics Ax umhverfisins. Fyrstu reikningarnir hafa verið sendir út frá kerfinu og starfsmenn eru að ná tókum á vinnu við kerfið.



ÁRSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009



Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur HS Veitna hf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Félagið var stofnað við skiptingu Hitaveitu Suðurnesja hf þann 1. desember 2008. 31. desember 2008 voru eignir, skuldir og eigið fé sem tilheyrðu einkaleyfisstarfsemi Hitaveitu Suðurnesja hf flutt yfir í HS Veitur hf. Árið 2009 er því fyrsta rekstrarár félagsins.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 3.975 millj. kr. og nam tap ársins 255 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 16.795 millj. kr. í árslok 2009 (2008: 16.936 millj. kr.). Eigið fé nam 8.543 millj. kr. eða 50,9% af heildarfjármagni(2008: 8.798 millj. kr. og 51,9%).

Hluthafar félagsins voru sjö í árslok og fækkaði um einn á árinu. Í árslok áttu þrír hluthafar yfir 10% hlut í félaginu, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 95 millj. kr. arður til hluthafa á árinu 2010.

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingarátætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2009.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2009.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2009 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2010

Stjórn:










Forstjóri

Aðstoðarforstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa HS Veitna hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2010

KPMG hf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu árið 2009

	Skýr.	2009
Rekstrartekjur		3.974.577
Kostnaðarverð sölu		(2.777.412)
Vergur hagnaður		1.197.165
Annar rekstrarkostnaður	8	(551.288)
Rekstrarhagnaður		645.877
Fjármunatekjur		79.731
Fjármagnsgjöld		(922.755)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	11	(843.024)
Tap fyrir tekjuskatt		(197.147)
Tekjuskattur	12	(57.495)
Heildartap ársins		(254.642)
Tap á hlut		
Grunntap og þynnt tap á hlut	20	(0,19)

Engar tekjur eða gjöld eru færð beint á eigið fé á árinu 2009

Á árinu 2008 var enginn rekstur hjá félaginu.

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	2009	2008
Eignir			
Rekstrarfjármunir	13	14.689.588	14.732.764
Óefnislegar eignir	14	562.861	692.385
Eignarhlutir í félögum	15	13.732	15.552
Fastafjármunir samtals		15.266.181	15.440.701
Rekstrarvörubirgðir	16	276.722	409.028
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	803.587	1.080.342
Handbært fé	18	448.442	5.936
Veltufjármunir samtals		1.528.751	1.495.306
Eignir samtals		16.794.932	16.936.007
Eigið fé			
Hlutfé		1.336.429	1.336.429
Lögbundinn varasjóður		334.107	334.107
Óráðstafað eigið fé		6.872.490	7.127.132
Eigið fé samtals	19	8.543.026	8.797.668
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	21	6.620.008	6.066.424
Tekjuskattsskuldbinding	22	625.625	568.130
Fyrirfram innheimtar tekjur	24	607.284	616.926
Aðrar langtímaskuldir	23	82.798	0
Langtímaskuldir samtals		7.935.715	7.251.480
Vaxtaberandi skuldir	21	90.398	75.432
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	25	162.860	752.301
Fyrirfram innheimtar tekjur	24	62.933	59.126
Skammtímaskuldir samtals		316.191	886.859
Skuldir samtals		8.251.906	8.138.339
Eigið fé og skuldir samtals		16.794.932	16.936.007

Eiginfjáryfirlit árið 2009

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árið 2008				
Yfirfært við stofnun félagsins	1.336.429	334.107	7.127.132	8.797.668
Eigið fé 31. desember 2008	1.336.429	334.107	7.127.132	8.797.668

Árið 2009

Eigið fé 1. janúar 2009	1.336.429	334.107	7.127.132	8.797.668
Heildartap ársins			(254.642)	(254.642)
Eigið fé 31. desember 2009	1.336.429	334.107	6.872.490	8.543.026

Sjóðstreymisýfirlit árið 2009

	Skýr.	2009
Rekstrarhreyfingar		
Tap ársins		(254.642)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Lífeyrisskuldbinding, lækkun	23	82.798
Afskriftir	10	493.622
Virðisrýrnun	10	140.126
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(381)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11	843.024
Tekjuskattur	12	57.495
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.362.042
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Rekstrarvörubirgðir, lækkun		132.306
Skammtímakröfur, lækkun		302.625
Skammtímaskuldir, lækkun		(486.674)
Fyrirfram innheimtar tekjur, lækkun		(5.835)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.304.464
Innheimtar vaxtatekjur		39.409
Greidd vaxtagjöld		(365.597)
Handbært fé frá rekstri		978.276
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	13	(434.374)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	14	(26.811)
Söluverð rekstrarfjármuna		518
Söluverð eignarluta í öðrum félögum		1.820
Fjárfestingarhreyfingar		(458.847)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána		(76.923)
Fjármögnunarhreyfingar		(76.923)
Hækkun á handbæru fé		442.506
Handbært fé í ársbyrjun		5.936
Handbært fé í lok árs		448.442

Skýringar

1. Félagið

HS Veitur hf er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf í HS Orku hf og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni. Félagið er dótturfélag Reykjanesbæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi bæjarfélagsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 19. febrúar 2010.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði, að því undanskildu að fjármálagerningar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Návar er fjallað um mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

b. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiðusamningar

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiðusamningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning

Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Aðrir fjármálagerningar

Aðrir fjármálagerningar, sem ekki teljast afleiðusamningar, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

(ii) Hlutfé

Almennt hlutfé

Kostnaður við útgáfu hlutfjár er færður til lækkunar á eigin fé.

c. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

c. Rekstrarfjármunir, framhald

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörssdegi.

d. Óefnislegar eignir

(i) Nýtingarréttur

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) Próunarkostnaður

Próunarkostnaður er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Próunarkostnaður er ekki afskrifaður línulega.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

(iv) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur	35 ár
----------------------	-------

e. Leigusamningar

Leigusamningar sem félagið hefur gert eru rekstrarleigusamningar og eru leigufjármunir ekki færðar til eignar.

f. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörssdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

g. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfláði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspegla markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

i. Tekjur

Rekstrartekjur

Tekjur af orkuflutningi og dreifingu og sölu vatns eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

Tekjurammi

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift rekstrarfjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 3,95% arðsemi eigin fjár, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusólu á dreifiveitusvæði félagsins.

Tengigjöld

Við tengingu á nýjum húsum við dreifikerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 árum. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

j. Rekstrarleigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

k. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, arðstekjum, breytingum á gangvirði fjáreigna þar sem gagnvirðisbreyting er færð í rekstrarreikning, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar skuldbindinga, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og virðisrýrnun fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, framhald

l. Tekjuskattur

Tekjuskattur tímabilsins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

m. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

n. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Afkoma allra starfspátta félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfspátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfspætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfspætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfspætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

o. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2009 og tengjast starfsemi félagsins. Félagið hefur ekki innleitt fyrirfram alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2009. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir og skýringar félagsins krefjast þess að gangvirði sé ákvarðað, bæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur gangvirðis eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir eða skuldir.

a. Fjárfestingar í hlutabréfum

Gangvirði fjáreigna, þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, er fundið með hliðsjón af markaðsverði þeirra á uppgjörssdegi.

4. Ákvörðun gangvirðis, framhald

b. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Gangvirði viðskiptakrafna og annarra krafna er metið á núvirði vænts framtíðargreiðslufláðis, sem afvaxtað er á markaðsvöxtum uppgjörsdags.

c. Fjárskuldir sem ekki teljast afleiður

Gangvirði fjárskulda, sem einungis er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarfláðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörssdegi.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu

a. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum félagsins:

Lánsáhætta
Lausafjáráhætta
Markaðsáhætta
Rekstraráhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir félagsins við að meta og draga úr áhættunni, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu hennar. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víðar í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber að innleiða og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

(i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur félagsins eru á einstaklinga og fyrirtæki.

5. Stýring fjármálalegrar áhættu, framhald

b. Lánsáhætta, framhald

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

c. Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

(iii) Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi félagsins.

e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um eiginfjárlutfall.

f. Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 3,95% arðsemi, en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

6. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Árið 2009					
Rekstrartekjur samtals	2.022.248	1.311.162	376.883	264.284	3.974.577
Rekstrarafkoma starfsþátta	378.627	145.142	103.679	18.429	645.877
Óskiptir liðir					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals					(843.024)
Tekjuskattur					(57.495)
Tap tímabilsins					(254.642)
Eignir starfsþátta	9.438.992	3.377.786	2.309.744	125.927	15.252.449
Óskiptar eignir					1.542.483
Eignir samtals					16.794.932
Óskiptar skuldir					8.251.906
Fjárfestingar	361.641	41.624	57.877	43	461.185
Afskriftir	305.126	101.891	82.487	4.118	493.622
Virðisrárnun	0	140.126	0	0	140.126

7. Rekstraryfirlit

Meðfylgjandi rekstraryfirlit sýnir rekstur sem félagið yfirtók frá Hitaveitu Suðurnesja hf fyrir árið 2008 eins og ef félagið hefði verið í rekstri á því tímabili.

	2008
Rekstrartekjur	3.474.922
Kostnaðarverð sölu	(2.386.124)
Vergur hagnaður	1.088.798
Aðrar tekjur	3.411
Annar rekstrarkostnaður	(435.831)
Rekstrarhagnaður	656.378
Fjármagnsgjöld	(467.276)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(467.276)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	189.102
Tekjuskattur	(27.217)
Hagnaður ársins	161.885

8. Annar rekstrarkostnaður

	2009
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	
Laun og launatengd gjöld	92.606
Húsnæðiskostnaður	34.364
Almennur skrifstofukostnaður	34.408
Aðkeypt þjónusta	225.195
Annar kostnaður	2.044
Niðurfærsla annarra skammtímakrafna	19.687
Virðisrýrnun ófnislegra eigna	140.126
Afskriftir	2.858
Annar rekstrarkostnaður samtals	551.288

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	
Stjórnarlaus	8.248
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	82.798
Framlag í lífeyrisjóð	660
Önnur launatengd gjöld	900
Laun og launatengd gjöld samtals	92.606

Laun og launatengd gjöld eru færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

Engir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu 2009, en félagið kaupir þjónustu samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi við HS Orku hf.

10. Afskriftir og virðisrýrnun

	2009
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:	
Afskrift rekstrarfjármuna, skýring 13	477.413
Afskrift ófnislegra eigna, skýring 14	16.209
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi	493.622
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:	
Kostnaðarverð sölu	490.763
Annar rekstrarkostnaður	2.859
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi	493.622
Virðisrýrnun ófnislegra eigna færð meðal annars rekstrarkostnaðar, skýring 14	140.126

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	79.731
Fjármunatekjur samtals	79.731
Vaxtagjöld	(377.887)
Verðbætur	(543.007)
Gengistap	(1.861)
Fjármagnsgjöld samtals	(922.755)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(843.024)

12. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

Hækkun tekjuskattsskuldbindingar	(57.495)
Gjaldfærður tekjuskattur	(57.495)

Frestaður tekjuskattur í rekstri greinist þannig:

Breyting á tímabundnum mismun	46.775
Hækkun skatthlutfalls úr 15% í 18%	(104.270)
	(57.495)

Virt skatthlutfall greinist þannig:

Tap ársins	(254.642)
Tekjuskattur ársins	57.495
Tap án tekjuskatts	(197.147)

Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0%	29.572
Hækkun skatthlutfalls úr 15% í 18%	(52,9%)	(104.270)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu	7,9%	15.656
Annað	0,8%	1.547
Virkur tekjuskattur	29,2%	(57.495)

13. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Fasteignir og aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Yfirfært við stofnun félagsins	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
Staða 31.12.2008/1.1.2009	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
Keypt á árinu	334.178	72.460	27.736	434.374
Selt á árinu	0	0	(137)	(137)
Staða 31.12.2009	9.381.789	5.148.381	636.831	15.167.001
Afskriftir				
Afskriftir 31.12.2008/1.1.2009	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	274.079	155.115	48.219	477.413
Staða 31.12.2009	274.079	155.115	48.219	477.413
Bókfært verð				
31.12.2008/1.1.2009	9.047.611	5.075.921	609.232	14.732.764
31.12.2009	9.107.710	4.993.266	588.612	14.689.588

Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 1.267 millj. kr. í árslok 2009. Váttryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 8.689 millj. kr.

14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Nýtingarréttur	Próunar- kostnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Yfirfært við stofnun félagsins	555.248	137.137	692.385
Staða 31.12.2008/1.1.2009	555.248	137.137	692.385
Keypt á árinu	23.822	2.989	26.811
Fært út	0	(140.126)	(140.126)
Staða 31.12.2009	579.070	0	579.070
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 31.12.2008/1.1.2009	0	0	0
Afskrifað á árinu	16.209	0	16.209
Virðisrýrnun	0	140.126	140.126
Fært út	0	(140.126)	(140.126)
Staða 31.12.2009	16.209	0	16.209
Bókfært verð			
31.12.2008/1.1.2009	555.248	137.137	692.385
31.12.2009	562.861	0	562.861

14. Óefnislegar eignir, framhald

Nýtingarréttur

Félagið hefur gert samning við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjávarleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára. Eignfærður er nýtingarréttur vegna þessa.

Virðisrýrnun

Próunarkostnaður félagsins vegna jarðhitaverkefna í Vestmannaeyjum hefur verið að fullu virðisrýrður vegna óvissu um nýtingu.

15. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2009		2008	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Netorka hf.	9,1%	13.732	9,1%	15.552

16. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir félagsins samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum.

17. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2009	2008
Viðskiptakröfur á almenna orkunotendur	593.376	380.780
Krafa á HS Orku hf.	243.911	0
Óinnheimt söluverð neðansjávarleiðslu	0	700.000
Aðrar kröfur	23.987	19.687
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(38.000)	(20.125)
Niðurfærsla annara krafna	(19.687)	0
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	803.587	1.080.342

18. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnistæðum.

19. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.336 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

Lögbundinn varasjóður

Heimilt er að nota lögbundinn varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutfjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða til annarra þarfa.

Arður

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 95 millj. kr. (0,07 kr. á hlut) á árinu 2010. Á árinu 2009 var ekki greiddur út arður.

20. Tap á hlut

Grunntap og þynnt tap á hlut		2009
Tap ársins	(	254.642)
Vegð meðaltal útistandandi hluta:		
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta		1.336.429
Grunn- og þynnt tap á hlut	(	0,19)

21. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 26.

	31.12.2009	31.12.2008
Langtímaskuldir		
Óveðtryggð bankalán	143.745	182.188
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum	6.532.252	5.892.428
Önnur óveðtryggð lán	34.409	67.240
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(90.398)	(75.432)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	6.620.008	6.066.424
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	90.398	75.432
Vaxtaberandi skuldir samtals	6.710.406	6.141.856

Skilmálar vaxtaberandi skulda

	Lokagjaldldagi	31.12.2009		31.12.2008	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK.....	2011-2018	5,3%	6.710.406	5,3%	6.141.856
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:					
Árið 2009				31.12.2009	31.12.2008
Árið 2010				-	75.432
Árið 2011				81.568	76.079
Árið 2012				46.354	41.679
Árið 2018				20.989	18.414
Árið 2018				6.561.496	5.930.252
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun.....				6.710.406	6.141.856

22. Tekjuskattsskuldbinding

Í desember 2009 samþykkti Alþingi hækkan á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18% frá og með 1. janúar 2010 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2011. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding hækkað um 104 millj. kr. í árslok 2009.

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig	2009	2008
Staða 1.1.	568.130	0
Yfirtekið við skiptingu	0	568.130
Áhrif breytingar tekjuskattshlutfalls	104.270	0
Tekjuskattur ársins	(46.775)	0
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	625.625	568.130
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:		
Rekstrarfjármunir	779.478	620.755
Rekstrarvörubirgðir	(4.784)	(3.987)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(10.384)	(3.019)
Fyrirfram innheimtar tekjur	(19.969)	(20.455)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(118.493)	(25.164)
Frestun gengismunar skattalega	(223)	0
Tekjuskattsskuldbinding 31.12.	625.625	568.130
Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt í 10 ár frá myndun þess og skiptist þannig:		
Tap ársins 2008 nýtanlegt til ársins 2018	167.768	167.768
Tap ársins 2009 nýtanlegt til ársins 2019	490.528	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap samtals	658.296	167.768

23. Lífeyrisskuldbinding

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf og nam hlutdeild þess á árinu 83 millj. kr. og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Hlutdeild félagsins í hækkanum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

24. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur námu í árslok 2009 670 millj. kr. (2008: 676 millj. kr.) Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2009 námu 63 millj. kr.

25. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2009	2008
Viðskiptaskuldir	108.983	0
Skuld við HS Orku hf.	0	697.154
Aðrar skammtímaskuldir	53.877	55.147
Aðrar skammtímaskuldir samtals	162.860	752.301

26. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	17	803.587	1.080.342
Handbært fé		448.442	5.936
		<u>1.252.029</u>	<u>1.086.278</u>
Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:			
Almennir orkunotendur		593.376	380.780
		<u>593.376</u>	<u>380.780</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2009		2008	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	465.034	0	311.810	0
0 - 30 daga	53.242	0	3.260	0
31 - 60 daga	30.829	6.315	33.074	4.025
61 - 90 daga	10.694	4.272	15.401	6.038
91 daga og eldri	33.577	27.413	17.235	10.063
	<u>593.376</u>	<u>38.000</u>	<u>380.780</u>	<u>20.125</u>

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:	2009
Niðurfærsla 1.1.	20.125
Afskrifaðar kröfur	(11.822)
Niðurfærsla ársins	<u>29.697</u>
Niðurfærsla 31.12.	<u>38.000</u>

Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru niðurfærðar um 19,7 millj. kr. vegna óvissu um innheimtanleika.

26. Fjármálagerningar, framhald

Lausafjársáætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
31. desember 2009						
Vaxtaberandi langtímaskuldir ..	6.710.406	9.985.937	450.868	410.463	1.087.726	8.036.880
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	162.860	162.860	162.860			
31. desember 2008						
Vaxtaberandi langtímaskuldir ..	6.141.856	9.139.092	416.267	411.812	1.039.013	7.272.000
Aðrar skammtímaskuldir	752.301	752.301	752.301			

Gjaldmiðlaáætta

Gjaldmiðlaáætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

Vaxtaáætta og verðbótaáætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

	2009	2008
Fjármálagerningar með fasta vexti		
Verðtryggðar fjárskuldir	6.710.406	6.141.856

Næmnigreining gangvirkis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörssdegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins.

Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefur verið einu % hærra á uppgjörssdegi hefði afkomu ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2008.

Verðtryggðar fjárskuldir	(10.066)	(9.213)
--------------------------------	------------	-----------

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Gangvirði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2009		2008	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum	13.732	13.732	15.552	15.552
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	803.587	803.587	1.080.342	1.080.342
Handbært fé	448.442	448.442	5.936	5.936
Vaxtaberandi skuldir	6.710.406	6.710.406	6.141.856	6.141.856
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	162.860	162.860	752.301	752.301
	8.139.027	8.139.027	7.995.987	7.995.987

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

26. Fjármálagæringar, framhald

Fjallað er um forsendur við ákvörðun gangvirðis í skýringu 4.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum á uppgjörsdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvört.

Vextir greinast þannig:	2009	2008
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5,3%	5,3%

Flokkar fjármálagæringa

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagæringa:

	Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðar- verði	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
2009				
Eignarhlutir í öðrum félögum			13.732	13.732
Viðskiptakröfur		555.376		555.376
Aðrar skammtímakröfur		248.211		248.211
Handbært fé		448.442		448.442
Samtals eignir	0	1.252.029	13.732	1.265.761
Vaxtaberandi skuldir	6.710.406			6.710.406
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	162.860			162.860
Samtals skuldir	6.873.266	0	0	6.873.266
2008				
Eignarhlutir í öðrum félögum			15.552	15.552
Viðskiptakröfur		360.655		360.655
Aðrar skammtímakröfur		719.687		719.687
Handbært fé		5.936		5.936
Samtals eignir	0	1.086.278	15.552	1.101.830
Vaxtaberandi skuldir	6.141.856			6.141.856
Aðrar skammtímaskuldir	752.301			752.301
Samtals skuldir	6.894.157	0	0	6.894.157

27. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2009.

28. Þjónustu- verkkaupasamningar

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Á grundvelli samningsins kaupir félagið stjórnunar og skrifstofuþjónustu, auk þjónustu vegna reksturs veitukerfa félagsins.

29. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Eigendur með yfir 25% eignarhlut, HS Orka hf, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið seldi eigendum með yfir 25% eignarhlut vörur og þjónustu fyrir 35 millj. kr. á árinu 2009.

Félagið keypti á árinu vörur og þjónustu af HS Orku hf fyrir 1.495 millj. kr. á árinu 2009.

Félagið seldi vörur og þjónustu til HS Orku hf fyrir 37 millj. kr. á árinu 2009.

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

SKAMMSTAFANIR:

kV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVa	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVa	= megavoltamper	= 1.000 kVa
kWst	= kílówattstund	= 1.000 wattstundir
MWst	= megawattstund	= 1.000 kWst.
GWst	= gígawattstund	= 1.000 MWst.
TWst	= terawattstund	= 1.000 GWst.
GL	= gígalítri	= 1.000 milljón l.



Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími: 422 5200 • Fax: 421 4727 • www.hs.is